

Lög nr. 71/2008 um fiskeldi	Frumvarp til laga um br. á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (lögleiðing áhættumats erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða með auglýsingu, opinber birting upplýsinga, stjórnvaldssektir o.fl.
<p>3. gr.</p>	<p>Bætast við fjórar nýjar skilgreiningar:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Áhættumat erfðablöndunar 2. Eldissvæði 3. Lífmassi 4. Sníkjudýr
<p>3. mgr. 4. gr. Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegar umsagnar Fiskistofu, Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunar og leitað álits Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga.</p> <p>4. mgr. 4. gr. Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga.</p>	<p>3. mgr. 4. gr. Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð.</p> <p>4. mgr. 4. gr. Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga.</p>
<p>5. gr. Svæðaskipting fiskeldis Ráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar þess ráðuneytis sem fer með málefni náttúruverndar, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga, Hafrannsóknarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.</p>	<p>4. gr. a. Skipting hafsvæða í eldissvæði, auglýsing og úthlutun þeirra. (ný grein og 5. gr. fellur brott)</p> <p>1. mgr. 4. gr. a Hafrannsóknarstofnun skal ákveða skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og hagkvæmastrar nýtingar þessara svæða. Áður er Hafrannsóknastofnun skiptir upp svæðum skal stofnunin leita umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og aðliggjandi sveitarfélaga.</p> <p>2. mgr. 4. gr. a Þegar burðarþol, áhættumat erfðablöndunar og svæðaskipting skv. 1. mgr. liggur fyrir getur ráðherra eða stofnun í hans umboði úthlutað eldissvæðum. <u>Ráðherra ákveður hvenær eldissvæðum er úthlutað og hversu mörgum er úthlutað hverju sinni.</u></p> <p>3. mgr. 4. gr. a Auglýsa skal úthlutun eldisvæða og skal úthluta svæðum <u>samkvæmt hagstæðasta tilboði</u>. Við mat á hagstæðasta tilboði kemur meðal annars til skoðunar reynsla af fiskeldisstarfsemi, fjárhagslegur styrkur, samfélagsleg ábyrgð og mælikvarðar sem mæla hvernig tilboðsgjafi hefur stundað sinn rekstur, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum.</p>

	<p>4. mgr. 4. gr. a Uppfylli tilboðsgjafi ekki skilmála úthlutunar eða umsókn hans um rekstrarleyfi er hafnað af Matvælastofnun, þar sem hún er ekki í samræmi við lög þessi, er heimilt að úthluta þeim eldissvæðum að nýju samkvæmt þessari grein. Sama á við ef eldra rekstrarleyfi fellur niður.</p> <p>5. mgr. 4. gr. a Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skiptingu hafsvæða upp í eldissvæði, auglýsingu, úthlutun eldissvæða, skilmála úthlutunar, hvað teljist hagstæðasta tilboð og afturköllun tilboðs.</p>
<p>4. gr. a. Móttaka og afgreiðsla umsókna Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.</p> <p>Afhenda skal Matvælastofnun umsóknir um leyfi skv. 1. mgr. og skulu þær afgreiddar samhliða.</p> <p>Matvælastofnun skal framsenda umsókn um starfsleyfi fyrir eldi ferskvatns- og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar til meðferðar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi skal afgreidda innan sex mánaða frá því að þær berast. Matvælastofnun skal tilkynna umsækjanda hvort umsókn telst fullnægjandi innan mánaðar frá því að umsóknin berst stofnuninni. Verði tafir á málsmeðferð vegna ófullnægjandi gagna umsækjanda framlengist frestur til afgreiðslu sem því nemur. Þegar Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi skal það sent Matvælastofnun. Ef umsóknir eru samþykktar skulu starfsleyfi og rekstrarleyfi afhent umsækjanda samtímis.</p>	<p>4. gr. b. Móttaka umsókna um rekstrarleyfi</p> <p>1. mgr. 4. gr. b Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar.</p> <p>2. mgr. 4. gr. b Eftir samþykkt tilboðs skv. 4. gr. a. og þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggur fyrir skal tilboðsgjafi afhenda Matvælastofnun umsókn um rekstrarleyfi skv. 1. mgr.</p> <p>3. mgr. 4. gr. b Matvælastofnun skal tilkynna umsækjanda hvort umsókn telst fullnægjandi innan mánaðar frá því umsóknin berst stofnuninni.</p>
<p>2. mgr. 6. gr. Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.</p>	<p>2. mgr. 6. gr. (nýr lokamálsliður bætist við) Ráðherra er heimilt, að taka tillit til sjónarmiða um aðra nýtingu hafsvæða en nýtingu vegna fiskeldis við ákvörðun sína skv. 1. mgr.</p>
	<p>6. gr. a. Lífmassi frjórna laxa í sjókvíaeldi (ný grein)</p> <p>1. mgr. 6. gr. a Hafrannsóknastofnun skal gefa út áhættumat erfðablöndunar, þar sem fram kemur það magn frjórna laxa mælt í lífmassa, sem leyfilegt er að ala í sjókvíum hverju sinni. Matvælastofnun skal tryggja að leyfilegur lífmassi frjórna laxa samkvæmt rekstrarleyfi sé í samræmi við niðurstöður áhættumats erfðablöndunar á</p>

	<p>hverjum tíma. Lífmassi frjórra laxa hvers rekstrarleyfis skal þannig breytast í hlutfalli við leyfilegan lífmassa frjórra laxa á svæðinu samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar hverju sinni skv. 1. mgr.</p> <p>2. mgr. 6. gr. a Áhættumat skv. 1. mgr. skal Hafrannsóknastofnun gefa út svo oft sem þörf þykir að mati stofnunarinnar en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.</p> <p>3. mgr. 6. gr. a Lífmassi útgefins rekstrarleyfis skerðist ekki ef rekstrarleyfishafi ákveður að nota ófrjóan lax í eldi til að mæta fyrirhugaðri skerðingu á eldi frjós lax.</p> <p>4. mgr. 6. gr. a Ráðherra er heimilt að setja reglugerð með nánari ákvæðum um notkun og framkvæmd áhættumats erfðablöndunar svo sem um framkvæmd breytinga á rekstrarleyfi við endurskoðun áhættumats.</p>
	<p>6. gr. b. Burðarþolsmat (ný grein)</p> <p>1. mgr. 6. gr. b <u>Ráðherra ákveður hvaða firði eða hafsvæði skuli meta til burðarþols og hvenær það skuli gert. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar.</u></p> <p>2. mgr. 6. gr. b Hafrannsóknastofnun skal vakta lífrænt álag þeirra svæða sem þegar hafa verið metin til burðarþols og endurskoða matið svo oft sem þörf þykir að mati stofnunarinnar. Við endurskoðun burðarþolsmatsins skal lífmassi eldisfisks hvers rekstrarleyfis breytast í hlutfalli við leyfilegan lífmassa eldisfisks á hafsvæðinu samkvæmt burðarþolsmatinu.</p> <p>3. mgr. 6. gr. b Lífmassi eldisdýra samkvæmt rekstrarleyfi á tilteknu eldissvæði skal á hverjum tíma vera í samræmi við útgefið burðarþol Hafrannsóknastofnunar. Rekstrarleyfishafa er þannig óheimilt að stunda eldi sem felur í sér meiri lífmassa á hverjum tíma en viðkomandi eldis- eða sjókvíaldissvæði þolir samkvæmt burðarþolsmati.</p>
<p>7. gr. Rekstrarleyfi Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Matvælastofnun veitir.</p> <p>Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt getur Matvælastofnun aflað umsagnar Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða</p>	<p>1. mgr. 7. gr. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Matvælastofnun veitir. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera er háð skráningarskyldu og eftirliti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og því skylt að skrá starfrækslu fiskeldisstöðva hjá Umhverfisstofnun. Matvælastofnun skal hafa samráð við Umhverfisstofnun um efni rekstrarleyfisins áður en stofnunin auglýsir opinberlega tillögu að rekstrarleyfi skv. 10. gr. a.</p>

<p>eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Þá skal Matvælastofnun meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum.</p> <p>Sé um endurnýjun á rekstrarleyfi að ræða telst ekki nauðsynlegt að afla slíkra umsagna enda sé ekki um verulegar breytingar að ræða á eðli og umfangi reksturs.</p>	<p>2. mgr. 7. gr. (lokamálsliðurinn) Þá skal Matvælastofnun meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum auk krafna um velferð lagareldisdýra.</p>
<p>8. gr. Umsókn um rekstrarleyfi Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, að umsækjandi hafi fullnægjandi fagþekkingu á viðkomandi sviði, að gæðakerfi stöðvarinnar og eldisbúnaður standist kröfur, sem nánar er kveðið á um í reglugerð um fiskeldi, um stærð og framleiðslugetu stöðvar, eldistegundir, eldisstofna og eldisaðferðir. Umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldisstöðvar skulu fylgja upplýsingar um að eldisbúnaður umsækjanda standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó en nánar er kveðið á um þær kröfur sem þarf að uppfylla samkvæmt þessum stöðlum í reglugerð um fiskeldi. Þá skal fylgja umsókn burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði sem framkvæmt hefur verið af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar. Einnig skal fylgja umsókn afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, nema fyrir liggi heimild Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 17. gr. þeirra laga til að vinna samtímis að mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi.</p> <p>Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó. Umsókn skal einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, ásamt staðfestingu um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins, rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferil eldis, öflun hroga og seiða og leyfi til mannvirkjagerðar, svo og önnur gögn sem Matvælastofnun eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.</p>	<p>8. gr. Umsókn um rekstrarleyfi (gerðar eru eftirfarandi breytingar á greininni)</p> <p>1. mgr. 8. gr. Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, að umsækjandi hafi fullnægjandi fagþekkingu á viðkomandi sviði, að innra eftirlit stöðvarinnar og gæðakerfi stöðvarinnar og eldisbúnaður standist kröfur, sem nánar er kveðið á um í reglugerð um fiskeldi, um stærð og framleiðslugetu stöðvar mældar í lífmassa, eldistegundir, eldisstofna, hlutfall frjórra laxa og ófrjórra í eldi og eldisaðferðir. Umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldisstöðvar skulu fylgja upplýsingar um að eldisbúnaður umsækjanda standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó en nánar er kveðið á um þær kröfur sem þarf að uppfylla samkvæmt þessum stöðlum í reglugerð um fiskeldi. Þá skal fylgja umsókn burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði sem framkvæmt hefur verið af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar. Einnig skal fylgja umsókn afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. nema fyrir liggi heimild Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 17. gr. þeirra laga til að vinna samtímis að mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi.</p> <p>2. mgr. 8. gr. Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó. Umsókn skal einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, ásamt staðfestingu um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins, rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferil eldis, öflun hroga og seiða og leyfi til mannvirkjagerðar, svo og önnur gögn sem Matvælastofnun eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi. Umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldisstöðvar skal</p>

	<p><u>jafnframt fylgja staðfesting um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldis í sjó.</u></p>
<p>9. gr. Málsmeðferð umsóknar Umsóknir um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á sama sjókvíaeldissvæði skulu afgreiddar í þeirri röð sem þær berast Matvælastofnun, enda fullnægi umsókn skilyrðum laga þessara.</p> <p>Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Matvælastofnun leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.</p>	<p>9. gr. Málsmeðferð umsóknar</p> <p>1. mgr. 9. gr. Umsóknir um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á sama sjókvíaeldissvæði skulu afgreiddar í þeirri röð sem þær berast Matvælastofnun, enda fullnægi umsókn skilyrðum laga þessara.</p> <p>2. mgr. 9. gr. (verður 9. gr.) Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Matvælastofnun leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.</p>
<p>10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis Telji Matvælastofnun að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.</p> <p>Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptiöldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. El rekstrarleyfi fyrir laxeldi skal kveðið á um skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva. Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um utanálíggjandi merkingu á eldislaxi til að auðveldara sé að aðgreina hann frá villtum laxi.</p> <p>Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi.</p> <p>Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Matvælastofnun skal hafna útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis sem felur í sér meiri framleiðslu en viðkomandi sjókvíaeldissvæði þolir samkvæmt burðarþolsmati. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar.</p>	<p>10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis</p> <p>1. mgr. 10. gr. Telji Matvælastofnun að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara <u>og eftir auglýsingu tillögu að rekstrarleyfi skv. 10. gr. a,</u> skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.</p> <p>2. mgr. 10. gr. Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar <u>mælt í leyfilegum lífmassa</u> og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptiöldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, <u>hlutfall frjórna laxa og ófrjórna í eldi leyfilegt framleiðslumagn</u> og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Í rekstrarleyfi fyrir laxeldi skal kveðið á um skyldu til notkunar erfðavísa, <u>örmerkinga eða annarra merkinga</u> þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva og ákvæði um utanálíggjandi merkingu á eldislaxi til að auðveldara sé að aðgreina hann frá villtum laxi <u>og framkvæmd þeirra.</u></p> <p>(að öðru leyti heldur greinin sér óbreytt)</p>

<p>Gefi Matvælastofnun út rekstrarleyfi til sjókvíaldis sem gerir ráð fyrir minni nýtingu en 40% af burðarþoli viðkomandi sjókvíaldissvæðis skulu þau einungis veitt til tiltekins tíma, allt að fjórum árum. Heimilt er að endurnýja slíkt leyfi í fjögur ár í senn en liggi fyrir, við lok leyfistíma, fleiri en ein umsókn um rekstrarleyfi á umræddu svæði og þær uppfylla skilyrði laga þessara skal Matvælastofnun gefa út rekstrarleyfi til þess umsækjanda sem nær hagkvæmastri nýtingu á svæðinu með tilliti til burðarþols. Þó er heimilt að endurnýja fyrra leyfi sem ekki er með hagkvæmasta nýtingu ef munur á nýtingu er óverulegur.</p> <p>Matvælastofnun skal hafna umsókn um rekstrarleyfi ef umsækjandi uppfyllir ekki kröfur skv. 2. másl. 2. mgr. 7. gr.</p> <p>Matvælastofnun skal hafna umsókn ef umsækjandi leggur ekki fram þau gögn sem kveðið er á um í 8. gr., enda hafi umsækjanda verið gefinn hæfilegur frestur til að leggja fram þau gögn sem vantar.</p> <p>Matvælastofnun skal hafna umsókn ef mat skv. 2. mgr. 9. gr. bendir til þess að fyrirhugað eldi feli í sér umtalsverða hættu á útbreiðslu sjúkdóma eða umtalsverð óæskileg áhrif á vistkerfi.</p>	
	<p>10. gr. a Auglýsing tillögu að rekstrarleyfi – Birting rekstrarleyfis (ný grein)</p> <p>1. mgr. 10. gr. a Matvælastofnun skal vinna tillögur að rekstrarleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnið þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Matvælastofnunar innan fjögurra vikna frá auglýsingu.</p> <p>2. mgr. 10. gr. a Matvælastofnun skal innan fjögurra vikna frá því að frestur rann út til að gera athugasemdir við tillögur að rekstrarleyfi taka ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis. Skal umsækjanda um rekstrarleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna. Matvælastofnun skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku rekstrarleyfa. Birting á vefsíðu Matvælastofnunar telst vera opinber birting.</p>
	<p>13. gr. a Innra eftirlit (ný grein á eftir 13. gr.)</p> <p>1. mgr. 13. gr. a Rekstrarleyfishafi ber ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni, þar með talið eldisdýrum og heilbrigði þeirra, mannvirkjum og búnaði. Innra eftirlit skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla settum samkvæmt þeim. Rekstrarleyfishafi skal sannprófa að eftirlit og úrbætur séu í samræmi við</p>

	<p>reglur um innra eftirlit.</p> <p>2. mgr. 13. gr. a Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðvar skal meðal annars fela í sér vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem fram koma í reglugerð sem ráðherra setur. Niðurstöður vöktunar skulu sendar Matvælastofnun sem metur hvort og þá hvaða aðgerða er þörf vegna sníkjudýra í eldinu. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Niðurstöður vöktunar skal birta opinberlega í samræmi við 19. gr. b.</p> <p>3. mgr. 13. gr. a Heimilt er að draga úr tíðni eftirlits hjá rekstrarleyfishafa sem hefur vottun frá faggiltum aðila um að innra eftirlit fyrirtækisins uppfylli kröfur laga og reglna og uppfyllir viðmið Matvælastofnunar um frávík í opinberu eftirliti. Rekstraraðili sjókvíaeldisstöðvar skal sem hluta af innra eftirliti starfrækja gæðakerfi þar sem fram koma verklagsreglur m.a. um þjálfun starfsmanna og viðbragðsáætlanir. Rekstraraðili skal sannreyna að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið sín og gera nauðsynlegar úrbætur.</p> <p>4. mgr. 13. gr. a Ráðherra setur frekari ákvæði um innra eftirlit í reglugerð, þar með talið viðbragðsáætlanir og gæðakerfi.</p>
<p>14. gr. Eftirlit og skýrslugjöf (1) Matvælastofnun skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða skal einnig framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.</p> <p>(2) Til að Matvælastofnun geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Matvælastofnun skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fôðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Matvælastofnun skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.</p> <p>(3) Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk Matvælastofnunar. Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast</p>	<p>14. gr. Eftirlit og skýrslugjöf Matvælastofnun skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Eftirlit með heilbrigði <u>og velferð</u> fiska og heilnæmi eldisafurða skal einnig framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.</p> <p>Til að Matvælastofnun geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi <u>mánaðarlega</u> árlega gefa Matvælastofnun skýrslu um starfsemi sína. <u>Ráðherra skal hafa aðgang að skýrslu rekstrarleyfishafa um starfsemina.</u> Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fôðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Matvælastofnun skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.</p> <p>(ný 3. mgr.) Matvælastofnun skal heimill óheftur aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal tóku sýna,</p>

framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði [18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996](#), og skal brot á henni varða refsingu skv. [136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940](#).

(4) Fyrir eftirlit Matvælastofnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal greitt samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Eftirlitsgjaldið skal ekki vera hærra en raunkostnaður sem hlýst af eftirlitinu og er ætlað að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

(5) Matvælastofnun sér um afmarkaða þætti eftirlits með fiskeldi sem Umhverfisstofnun er falið samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, á grundvelli þjónustusamnings við Umhverfisstofnun. Nánar skal kveðið á um umfang og tilhögun eftirlits og gerð og efni þjónustusamnings í reglugerð sem ráðherra setur.

myndatöku, dagbók rekstrarleyfishafa, að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvaldsreglur ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Einnig er opinberum eftirlitsaðila heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim ná til.

(ný 4. mgr.)

Stjórnendum er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur opinber eftirlitsaðili ákveðið að rekstrarleyfishafi skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

(3. mgr. verður 5. mgr.)

Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk Matvælastofnunar. Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

(4. mgr. verður 6. mgr.)

Fyrir eftirlit Matvælastofnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal greitt samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Eftirlitsgjaldið skal ekki vera hærra en raunkostnaður sem hlýst af eftirlitinu og er ætlað að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

~~Matvælastofnun sér um afmarkaða þætti eftirlits með fiskeldi sem Umhverfisstofnun er falið samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, á grundvelli þjónustusamnings við~~

	Umhverfisstofnun. Nánar skal kveðið á um umfang og tilhögun eftirlits og gerð og efni þjónustusamnings í reglugerð sem ráðherra setur.
	<p>19. gr. a Tímabundnar rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar (ný grein)</p> <p>1. mgr. 19. gr. a Hafrannsóknastofnun getur, ein eða í samvinnu við aðra, stundað tímabundnar rannsóknir í fiskveiðilandhelgi Íslands á eldi lagardýra, eldisaðferðum, atferli eldisfisks, mannvirkjum, búnaði og heilbrigði lagardýra.</p> <p>2. mgr. 19. gr. a Við slíkar rannsóknir skal gætt allra varúðarsjónarmiða vegna þeirra eldisstarfsemi sem þegar er starfrækt á viðkomandi svæði og tilraunastarfsemi raski ekki eða auki rekstrarlega áhættu þeirrar starfsemi.</p>
	<p>19. gr. b Birting upplýsinga um niðurstöðu eftirlits og framleiðslu (ný grein)</p> <p>1. mgr. 19. gr. b Heimilt er að birta opinberlega upplýsingar úr eftirliti opinberra aðila og niðurstöður slíks eftirlits, upplýsingar úr rekstrarleyfum og framleiðsluskýrslum einstakra rekstrarleyfishafa skv. 2. mgr. 14. gr.</p> <p>2. mgr. 19. gr. b Ráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um opinbera birtingu upplýsinga. Slíkar reglur skulu kveða nánar á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar.</p> <p>3. mgr. 19. gr. b Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum.</p>
	<p>19. gr. c Birting upplýsinga um afturköllun rekstrarleyfa, úrbætur, dagssektir og úlagningu stjórnvaldssekta (ný grein)</p> <p>Matvælastofnun skal greina opinberlega frá niðurstöðum eftirlits og ákvörðunum sem fela í sér:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. afturköllun rekstrarleyfis, b. ákvörðunum um úrbætur sem unnar eru á kostnað rekstrarleyfishafa, c. álagningu dagsekta, d. ákvörðun um álagningu stjórnvaldssekta.
<p>20. gr. a Umhverfissjóður sjókvíaeldis Umhverfissjóður sjókvíaeldis er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði ráðherra. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Með sjóðnum skal greiða kostnað við rannsóknir vegna</p>	<p>20. gr. a Umhverfissjóður sjókvíaeldis Umhverfissjóður sjókvíaeldis er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði ráðherra. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Með sjóðnum skal greiða kostnað við rannsóknir vegna</p>

<p>burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Jafnframt er heimilt að veita veiðiréttarhöfum styrki úr sjóðnum til að mæta þeim kostnaði eða tekjumissi sem þeir hafa orðið fyrir vegna tjóns sem er ekki hægt að rekja til ákveðinnar eldisstöðvar.</p>	<p>burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Jafnframt er heimilt að veita veiðiréttarhöfum styrki úr sjóðnum til að mæta þeim kostnaði eða tekjumissi sem þeir hafa orðið fyrir vegna tjóns sem er ekki hægt að rekja til ákveðinnar eldisstöðvar.</p>
	<p>21. gr. d Stjórnvaldssektir (ný grein) Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssektir á rekstrarleyfishafa, hvort heldur hann er einstaklingur eða lögaðili, ef viðkomandi brýtur gegn ákvæði um:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. hámark lífmassa í eldi á hverjum tíma, skv. 6. gr. a. og b. b. rekstrarleyfisskyldu, skv. 7. gr. c. efni, fyrirmælum eða skilyrðum rekstrarleyfis, skv. 1., 2. eða 3. mgr. 10 gr. d. úttekt á fiskeldisstöð eða flutningi eldisfisks eða seiða, skv. 11. gr. e. tilkynningarskyldu, skyldu til ráðstafana, aðgerða eða veiða, skv. 1., 2., eða 3. mgr. 13. gr. f. skyldu til að starfrækja innra eftirlit, sannprófa það og framkvæma úrbætur, skv. 1. mgr. 13. gr. a. g. skyldu til að vakta viðkomu laxalúsar og upplýsingagjöf um niðurstöðu vöktunar, skv. 2. mgr. 13. gr. a. h. skyldu til að skila framleiðsluskýrslu og gerð dagbókar um starfsemina og aðgang að henni, skv. 2. mgr. 14 gr. i. veitingu aðgangs að eldisstöð og aðstoð við eftirlit, skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. j. gilda ábyrgðartryggingu eða ígildi hennar, skv. 14. gr. b. k. ranga upplýsingargjöf og þeirri háttsemi að leyna upplýsingum, skv. 16. gr. a. l. bann við framsali, leigu og veðsetningu á rekstrarleyfi án skriflegs samþykkis Matvælastofnunar, skv. 17. gr. m. bann við sleppingum kynbættis eldisfisks í fiskrækt eða hafbeit, skv. 1. mgr. 19. gr. n. bann við flutningi og sleppingum eldisfisks og lifandi fisks, skv. 2. mgr. 19. gr. o. bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði án leyfis Matvælastofnunar, skv. 20. gr. <p>Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssekt á rekstrarleyfishafa ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa, hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara.</p> <p>Sektir geta numið frá 250 þús. kr. til 150 millj. kr.</p>

	<p>Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð fjárhæð sekta sem lagðar eru á samkvæmt einstökum stafliðum 1. mgr., innan þess ramma sem ákveðinn er í þessari grein.</p> <p>Hafi fjárhæð sektar ekki verið ákveðin í reglugerð skal við ákvörðun sektar m.a. tekið tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru, verðmætis ólögþráttar framleiðslu, alvarleika brots, hvað það hefur staðið yfir lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot hefur verið að ræða sl. þrjú ár.</p> <p>Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna lögaðila og hvort hægt hafi verið að koma í veg fyrir lögbrotið með stjórnun og eftirliti. Matvælastofnun er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili haft ávinning af broti.</p> <p>Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.</p> <p>Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina er tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga hennar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga hennar. Ákvörðun Matvælastofnunar um álagningu stjórnvaldssektar er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Matvælastofnun getur felld mál niður í stað þess að leggja á stjórnvaldssektir ef:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. ómögulegt var að koma í veg fyrir brot, 2. brot er smávægilegt, 3. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnvaldssekta þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluáæðum. <p>Aðili máls getur einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfundunarfrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.</p>
	<p>21. gr. e (ný grein)</p> <p>Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Matvælastofnunar á grundvelli þeirra er heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiriháttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Matvælastofnun setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.</p>
	<p>21. gr. f (ný grein)</p> <p>Heimild Matvælastofnunar til að leggja á</p>

	stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Matvælastofnun tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.
	21. gr. g (ný grein) Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Matvælastofnun skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Lög nr. 60/2006 , um varnir gegn fisksjúkdómum	Breyting á lögum nr. 60/2006
<p>10. gr. Viðbrögð vegna sjúkdóma og snikjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.</p> <p>Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða snikjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er Matvælastofnun heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir föngum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar.</p>	<p>10. gr. Viðbrögð vegna sjúkdóma og snikjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.</p> <p>Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða snikjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er Matvælastofnun heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir föngum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar. Sé um að ræða ráðstafanir vegna sjúkdóma eða snikjudýra í netkvíum í fersku vatni eða söltu skal leita samráðs um ráðstafanir við Hafrannsóknarstofnun.</p>
<p>3. mgr. 11. gr.</p> <p>Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski.</p>	<p>3. mgr. 11. gr.</p> <p>Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski.</p> <p>Ráðherra er heimilt með reglugerð, að höfðu samráði við Matvælastofnun, að mæla fyrir um aðgerðir vegna snikjudýra, svo sem um skyldu rekstraraðila til að telja laxalús við tilteknar aðstæður og setja tiltekin viðmiðunarmörk um viðbrögð vegna útbreiðslu laxalúsar.</p>

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Breyting á lögum nr. 7/1998
1. mgr. 8. gr. Skráningarskylda	1. mgr. 8. gr.

<p>Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka III–V, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis, sbr. 4. og 5. gr.</p>	<p>Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka III–V, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis, sbr. 4. og 5. gr. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera, sbr. viðauka II, er skráningarskyld starfsemi.</p>
<p>58. gr. Framsal eftirlits</p> <p>1. mgr. 58. gr. Heilbrigðisnefndum og Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og annað sem greint er frá í [XVII. kafla] er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.</p> <p>2. mgr. 58. gr. Umhverfisstofnun skal gera þjónustusamning við Matvælastofnun um að Matvælastofnun sinni afmörkuðum þáttum eftirlits Umhverfisstofnunar með fiskeldi. Nánar skal kveðið á um umfang og tilhögun eftirlits og gerð og efni þjónustusamnings í reglugerð sem ráðherra sem fer með málefni fiskeldis setur.</p>	<p>58. gr. Framsal eftirlits</p> <p>1. mgr. 58. gr. Heilbrigðisnefndum og Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og annað sem greint er frá í [XVII. kafla] er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.</p> <p>2. mgr. 58. gr. Umhverfisstofnun skal gera þjónustusamning við Matvælastofnun um að Matvælastofnun sinni afmörkuðum þáttum eftirlits Umhverfisstofnunar með fiskeldi. Nánar skal kveðið á um umfang og tilhögun eftirlits og gerð og efni þjónustusamnings í reglugerð sem ráðherra sem fer með málefni fiskeldis setur.</p>